

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf. Núpsmýri, Öxarfirði



Dags eftirlits	29.4.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Núpsmýri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnar Freyr Jónsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	609834,024 639750,616

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki komu fram frávik frá kröfum starfsleyfis í eftirlitinu en þrjár ábendingar voru settar fram er varða að mæla þarf núllpunkt ofan frárennslis út í viðtaka til greiningar á aukningu efna í viðtaka, varðandi uppsöfnun á litaðri brák við útrás og að taka skuli myndir við útrásina með reglulegum hætti skv. ákvæðum starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Um landeldisstöð er að ræða þar sem hluti eldisins er staðsett innandyra en fer annars mestmegnis fram í kerjum utandyra. Stöðin stendur við bakka Brunnár sem er jökulá með upptök í Jökulsá á Fjöllum.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu frávíka
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og staðfest að úrbótum vegna ábendinga frá síðasta eftirliti er lokið. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Engar breytingar hafa orðið á rekstri stöðvarinnar frá því að síðasta eftirlit fór fram. Tæplega 1.700 tonn af laxi voru framleidd í stöðinni árið 2020 en rekstraraðili hefur hætt eldi á bleikju í stöðinni og ekki er fyrirhugað að bleikja verði aftur sett í stöðina að svo stöddu. Stefnt er að aukinni stækkun í stöðinni á næstu árum, allt að 5 kerjum auk hreinsistöðvar fyrir frárennslid.

Nýtt fóðurkerfi hefur verið tekið í notkun fyrir öll ker. Nú kemur fóður á bílum og er blásið beint í fóðursíló og þar með sparast mikið magn umbúðapoka en áður kom allt fóður í sekkjum.

Mælingar í frárennslu voru gerðar í september 2020 og voru uppreiknuð gildi mælinganna í losun á framleitt tonn, vel innan marka ákvæðis starfsleyfis. Losun niturs og fosfórs var einnig reiknuð út frá fóðurnotkun og voru gildi þeirra einnig innan marka starfsleyfis. Svifagnir, BOD og COD var mælt í frárennslinu. Ekki var gerð samanburðarmæling ofan við frárennslu til ákvörðunar aukningar gilda fyrir svifagnir, BOD og COD og því ekki hægt að reikna út aukningu skv. gr. 3.3 í starfsleyfi. Í apríl 2021 var gerð mæling á ammoníaki í frárennslu sem og núllpunktur ofan við frárennslu og var magn þess innan greiningarmarka Palintest aðferðar sem notuð var við mælinguna. Allar skráningar fara í gegnum FishTalk og mánaðarleg skýrsla send til MAST.

Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 2.9 í starfsleyfi er til staðar og í gildi. Áætlanir sem liggja skulu fyrir skv. starfsleyfi eru aðgengilegar á sameiginlegu drifi rekstraraðila og hafa einnig verið sendar til eftirlitsaðila. Rekið er sameiginlegt rafrænt gæðakerfi með öllum starfsstöðvum rekstraraðila. Þjálfun starfsfólks er komin inn í starfslýsinguna í gæðakerfinu og rekstraraðila var bent á að hafa þar einnig lýsingu á þjálfun vegna mengunarviðbragða. Áætlun um meðhöndlun úrgangs var send eftirlitsaðila með ársskýrslu og grænu bókhaldi.

Greina mátti lit í setþró sem væntanlega kemur frá fóðrinu. Lit mátti einnig greina við útrásarop og er rekstraraðila bent á að reyna að fanga lit sem flýtur á yfirborði settjarnar, með fitugildrum eða álíka hætti áður en hann rennur út í viðtaka. Fitugildra sem tengd er sláturhúsi var síðast tæmd þann 23. apríl sl. og ekki var að sjá merki um fitusmit í kringum gildruna. Stefnt er á að hún sé losuð tvisvar sinnum á ári. Skv. gr 3.4 í starfsleyfi skal taka myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring, á tveggja mánaða fresti. Myndir hafa verið teknar en ekki með reglulegu millibili eins og kveðið er á um.

Meindýravarnir eru góðar í stöðinni og kemur meindýraeyðir mánaðarlega og fer yfir varnirnar. Um 40 fugla mátti sjá við útrásina í viðtaka en ekki var fugl að sjá við settjarnir og virðast fuglalínur ná að halda honum í skefjum.

Settjörn var losuð sumarið 2020 og um 360t fastefnis keyrð yfir á uppgræðsluland við Snartastaði.

Dauðfiskur og slóg fer til endurnýtingar í Skinnfisk á Reykjanesi. Úrgangsolía er sett á brúsa og skilað reglulega til móttökuaðila á Kópaskeri. Ekki er um önnur úrgangs spilliefni að ræða í stöðinni nema sóttthreinsivörur og sápur sem geymdar er í sérstakri sápugeymslu. Öryggisblöð eru aðgengileg starfsmönnum við starfsstöðvar. Lekabytta hefur verið sett upp við annan af tveimur stærri olíugeymum og bent er á að setja skuli upp samskonar lekabyttu fyrir hinn geyminn. Steypt hefur verið undir minni geymanna tvo og árekstrarvörnum komið fyrir í kringum þá. Ekki er gerð athugasemd þar um.

Stöðin er enn í uppbyggingu og verið að taka til á lóðinni. Geymslurými á bak við stöðina hefur verið hreinsað og búnaði raðað upp á aðgengilegan hátt. Huga þarf að áframhaldandi hreinsun í kringum stöðina sem og við árbakka Brunnár, neðan stöðvarinnar.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að mæla þurfi núllpunkt ofan frárennslis til greiningar á aukningu svifagnir, BOD og COD skv. gr. 3.3 í starfsleyfi. Ábending er einnig sett fram er varðar rauða brák sem sest við frárennslisop í viðtaka, er rekstraraðila bent á að reyna að fanga brákina sem flýtur á yfirborði settjarnar áður en hann berst út í viðtaka. Ábending er sett fram að taka skuli myndir við útrásina með reglulegum hætti, eða á tveggja mánaða fresti skv. gr. 3.4 í starfsleyfi.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Ársskýrsla og grænt bókhald fyrir árið 2020 barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 30. apríl sl.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

Reykjavík, 02.06.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Arnadóttir